

LAGANEFND LMFÍ

Alþingi

Nefndasvið (nefnasvið@althingi.is)

Austurstræti 8-10

150 Reykjavík

Reykjavík, 7. júní 2018

Sent með tölvupósti

Efni: Umsögn laganeftndar LMFÍ um frumvarp til laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, 622. mál

I. Um þingmálið

Laganeftnd Lögmannafélags Íslands hefur farið yfir málið og telur nefndin rétt að skila inn umsögn um nokkrar greinar frumvarpsins auk almennra athugasemda um EES samninginn. Að öðru leyti tekur laganeftndin ekki afstöðu til frumvarpsins.

Um EES-samninginn og tveggja stoða kerfið.

Í reglugerðinni er gert ráð fyrir náninni samvinnu eftirlitsstjórnvalda innan EES. Komið er á fót nýrri stofnun, Evrópska persónuverndarráðinu. Hlutverki stofnunarinnar er m.a. lýst í VII. kafla reglugerðarinnar. Hér er t.d. bent á 63. og 64. gr. og 68. gr. reglugerðarinnar. Stofnuninni er ætlað margþætt hlutverk við samræmingu, útgáfu starfsreglna, viðmiðana varðandi sektir, söfnun upplýsinga frá eftirlitssjórnvöldum o.s.frv. án þess að íslenska ríkið eigi atkvæðisrétt um þær ákvarðanir sem þar eru teknar.

Laganeftnd bendir á að með EES-samningnum og samningum um stofnun Eftirlitsstofnunar og dómstóls, var komið fót sérstöku tveggja stoða kerfi þar sem ekki var gert ráð fyrir framsali ríkisvalds frá aðildarríkjunum til stofnana Evrópusambandsins.

Með því að lögfesta ákvæði reglugerðarinnar þar sem stofnunum Evrópusambandsins er falið samræmingar og eftirlitshlutverk, er hugsanlegt að í því felist framsal ríkisvalds sem ekki er í samræmi við 2. gr. stjórnarskrárinnar. Í fyrirliggjandi drögum að ákvörðun Sameiginlegu EES-neftndarinnar virðist reynt að bæta úr ágöllum, þó þannig að aðkoma fulltrúa Eftirlitsstofnunar EFTA er fyrst og fremst áheyrnar- og seturéttur en ekki réttur til ákvarðanatöku. Í drögum að sameiginlegri yfirlýsingu samningsaðila verður ekki annað ráðið en ekki hafi fundist lausn á þeim vanda sem felist í hugsanlegu

framsali framkvæmdavalds, þ.e.a.s. bein og bindandi áhrif ákvarðana Evrópsku eftirlitsstofnunarinnar.

Rétt er að Alþingi fari vel yfir þá þætti reglugerðarinnar sem varða framkvæmdavald og hugsanlegt framsal á úrskurðarvaldi/dómsvaldi og geri nauðsynlegar breytingar á texta frumvarpsins ef því er að skipta.

II. Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins

Við yfirferð málsins telur laganevnd LMFÍ rétt að gera athugasemdir við nokkrar greinar frumvarpsins.

Um 5. gr.

Laganevnd telur að orðalag 3. mgr. 5. gr. frumvarpsins sé ekki nægilega skýrt varðandi samspil laganna og almennu persónuverndarreglugerðarinnar. Þannig kemur fram í 3. mgr. 5. gr.:

„Ákvæði reglugerðarinnar ganga framur ákvæðum laga þessara.“

Hér er vísað til reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/679 frá 27. apríl 2016 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga og niðurfellingu tilskipunar 95/46/EB (almenna persónuverndarreglugerðin), sem lögfest er með 2. gr. frumvarpsins eins og hún er tekin upp í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið.

Í greinargerð kemur fram að almenna persónuverndarreglugerðin veiti ríkjum heimild til að útfæra nánar tiltekin ákvæði hennar eða víkja frá þeim.

Laganevnd LMFÍ telur að hér myndi tilvísun til þess að „Ófrávikjanleg ákvæði reglugerðarinnar ganga framur ákvæðum laga þessara“ taka af allan vafa þess efnis að í þeim tilvikum þar sem Ísland hefur nýtt sér heimild til að útfæra eða víkja frá ákvæðum almennu persónuverndarreglugerðarinnar, þá gangi ákvæði laganna framur reglugerðinni. Telur laganevndin breytinguna í samræmi við þá túlkunarreglu um stöðu þjóðréttarsamninga sem vísað er til í greinargerð, sbr. og 3. gr. EESlaganna nr. 2/1993. Rétt er að leggja áherslu á að ekki má skilja framangreint ákvæði svo að í því felist einhvers konar „lex superior“ regla um að reglugerðin sé æðri íslenskum lögum, heldur sé fyrst og fremst um að ræða lögskýringarreglu.

Um 53. gr.

Í 53. gr. frumvarpsins er að finna gildistökuákvæði. Lagt er til að lögin öðlist gildi þegar reglugerð ESB 2016/679 hefur verið tekin upp í EES-samninginn og birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins.

Samkvæmt 27. gr. stjórnarskrárinnar skal birta lög og um birtingu fer eftir almennum lögum. Birting laga og stjórnvaldsfyrirmæla er forsenda fyrir gildistöku. Í frumvarpinu er farin sú leið að lögfesta reglugerð ESB með tilvísunaraðferð, þó þannig að meginatriði og aðlaganir eru í sérstökum ákvæðum laganna, sbr. það sem segir hér að framan um 5. gr. frumvarpsins.

LAGANEFND LMFÍ

Verði frumvarpið að lögum þarf að birta lögin í Stjórnartíðindum, sbr. lög 15/2005 en gildistaka þeirra verður hins vegar háð skilyrði sem síðar mun koma fram og er í sjálfu sér ótímasett, þar sem gerðin hefur enn ekki verið tekin upp í EES-samninginn. Gildistökuákvæði sem þetta, er að mati laganeftndar frekar óljóst og mikilvægt að gildistökudagur valdi ekki vafa.

Vakin er athygli á því að í VII. kafla frumvarpsins er gert ráð fyrir mjög íþyngjandi viðurlagaákvæðum. Af því tilefni bendir laganeftnd á að enginn vafi má vera um hvenær lögin öðlist gildi og teljist bindandi fyrir borgarana, þ.a. ekki skapist réttaróvissa.

Í frumvarpinu virðist aðeins gert ráð fyrir að reglugerðin, sem þó myndar meginefni laganna, verði aðeins birt í EES-viðbæti. Með vísan til framangreinds telur laganeftnd mikilvægt að reglugerðin, eins og hún verður aðlöguð með ákvörðun sameiginlegu EES-neftndarinnar, verði birt sem fylgiskjal með lögnum í A-deild Stjórnartíðinda, skv. 2. gr. laga nr. 15/2005.

III. Lokaorð

Fulltrúar laganeftndar LMFÍ eru reiðubúnir að koma á fund neftndarinnar til að fara yfir umsögnina ef þess er óskað

Virðingarfyllt,

f.h. laganeftndar LMFÍ

Aldís Geirsdal Sverrisdóttir

